

IBM 632 gagnaskráningarvél (Electronic Typing Calculator)

IBM 632 var notuð í víxladeildum flestra íslensku bankanna og í veðdeild Landsbankans frá um 1961 í allmörg ár¹. IBM setti þessa vél á markað 1958. Nýjungin við hana var samtvinnuð rafeinda- og raflíðatækni í reikniverki ásamt hugvitsamlegri notkun gatspjaldatækninnar. Vélin getur ekki kallast rafreiknir í algengustu merkingu þess orðs, vantaði meðal annars innritað forrit, en hún var fyrsta skrifstofuvélin með rafeindareikniverki sem hér var notuð.

Grunnvélin var búin IBM rafmagnsritvél, spjaldagatara (sömu gerðar og IBM 024 / 026 gatarinn, sem margir af eldri kynslóð UT-fólks þekkjja), og reikniverki sem komið var fyrir í tveimur grindum undir borði vélarinnar, raflíðagrind og lampagrind. Þá var í vélinni lítið segulkjarnaminni er geymt gat átta orð 12 tölustafa löng. Einnig var til útfærsla af vélinni með spjaldalesara, sem var í raun ofangreindur gatari með tilheyrandi breytingum.

Vélin var forrituð með götum í plastræmu sem komið var fyrir aftan við pappírsvagn ritvélarinnar og hreyfðist með honum. Ennfremur var unnt að forrita vissa verkþætti með gatspjöldum á stýritromlum gatarans og lesarans. Að jafnaði var ein plastræma sérútbúin fyrir hvert verkefni. Skipanir í ræmunni voru útfærðar um leið og stafur eða bil var slegið - aðrar færslur vagnsins skildi forritið ekki. Með útsjónarsemi var unnt að koma við býsna flóknnum vinnslum. Ekki er á neinn hallað þó að getið sé eins íslensks frumherja á því sviði, Gunnlaugs G. Björnson (1912 - 1988), heiðursfélaga í Skýrslutæknifélaginu, er löngum var kenndur við Útvegsbankann.

Samlagning var framkvæmd í rafeindaverkinu og tók ekki merkjanlegan tíma, en margföldun fór fram í samvinnu raflíða og rafeindalampa og tók 3 - 4 sekúndur (12 stafa orð). Tífræfðun á meðan á margföldun stóð var vel heyrnlegt, taktfast og einkennandi rat-taka-tatt-tatt.

Vélarnar voru meðal annars notaðar til að reikna vexti af víxlum og veðdeildarlánnum (húsnæðislánnum þess tíma). Gatspjöld sem geymdu niðurstöður mynduðu spjaldskrár, en það sem gatað var í spjöldin var gert sýnilegt með áritun efst á þau um leið og færslan varð til. Meðferð og viðhald spjaldskrána var auðveldað með því að nota gatspjaldaraðara, IBM 082, sem í sjálfu sér tilheyrði ekki samstæðunni.

Ritvélin skrifaði í sjálfvirkri vinnslu 10 stafi á sekúndu. Aðgangstími segulkjarnaminnis var 21,5 míkrósekúndur á orð. Í vélinni voru 15 rafeindalampar, 164 díóður og 352 segulperlur í minni.

Rafeindaverkið reiknaði í raun einungis eitt sæti í einu og var af gerð sem IBM kallaði "Binary Decimal". Fjórir rafeindalampar gátu talið frá núlli upp í 15, en með tilfæringum var haldið utan um "geymdan" og niðurstaða hvers sætis látin enda á bilinu 0 til 9.

¹ Í bókinni Rætur Íslandsbanka: 100 ára fjármálasaga (Íslandsbanki 2004) segir Höskuldur Ólafsson á bls. 261 að Verslunarbancinn hafi keypt 632-gagnaskráningarvélina árið 1961 og fyrstur íslenskra banka tekið slíka vél í notkun.

Til voru 7 gerðir af IBM 632. Aðallega var um 2 gerðir að ræða hér á landi, annarsvegar gerð III með ritvél, reiknieiningu, áritandi gatara og talnalyklaborði, hins vegar gerð VII með með ritvél, reiknieiningu, áritandi gatara, talnalyklaborði og gatspjaldalesara. Samkvæmt heimildum á veraldarvefnum var kaupverð gerðar III 9.900 Bandaríkjadalir, en gerðar VII 17.500 dalir.



Myndin er tekin á skrifstofubúnaðarsýningu í Verzlunarskólanum einhvern tímann á milli 1962 og 65. Greinarhöfundur situr við IBM 632 gerð VII. Reiknieining með gatara er honum á vinstri hönd, lesari hægra megin frá honum séð, en ritvél og talnaborð fyrir miðju. Í neðra horni myndarinnar til hægri sést IBM 82 gatspjaldaraðari, sem oftast var notaður með samstæðunni til að flýta fyrir meðferð spjaldskráa.

(Eftir minni, stutt 2 greinum á vefnum, þar á meðal úr Wikipediu.)